

Nr. 53.

26. okt.

Lög

um

framlenging á gildi laga nr. 30, 22. okt. 1912, og laga nr. 44,
2. nóv. 1914, og laga nr. 45, s. d.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg.

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Lög nr. 30, 22. okt. 1912, um vörutoll, ásamt lögum nr. 44 og 45 frá 2. nóv. 1914 (sbr. lög nr. 43 s. d.), skulu vera í gildi fyrst um sinn til ársloka 1919, með þeim viðauka, að fiskumbúðir úr striga, sem eru endursendar, skulu taldar með vörum þeim, er samkvæmt 1. gr. laga nr. 30, 22. okt. 1912, eru undanþegnar vörutolli.

2. gr.

Lög þessu öðlast gildi 1. janúar 1918.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 26. október 1917.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Sigurður Eggerz.